

Línuhönnun hf
Helga J Bjarnadóttir
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík

2006060017
0000; 9310

Reykjavík, 27. september 2007
/--

Efni: Sundabraut 2. áfangi. Frá Gufunesi að tengingu við Vesturlandsveg, Reykjavík.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar að matsáætlun um Sundabraut 2. áfangi frá Gufunesi að tengingu við Vesturlandsveg, Reykjavík.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Línuhönnunar hf, fyrir hönd framkvæmdaraðila dags. 6. júlí 2007 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Vegagerðin og Reykjavíkurborg. Sundabraut 2. áfangi frá Gufunesi að tengingu við Vesturlandsveg, Reykjavík. Línuhönnun hf. Júlí 2007.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykjavíkurborg, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Landbúnaðarstofnun (veiðimálastjórn), Siglingastofnun, Umhverfisstofnun og Umhverfissvið Reykjavíkurborgar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Reykjavíkurborg með bréfi dags. 8. ágúst 2007, Byggðastofnun með bréfi dags. 31. júlí 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 10. ágúst 2007, Hafrannsóknarstofnuninni með bréfi dags. 15. ágúst 2007, Landbúnaðarstofnun (veiðimálastjórn) með bréfi dags. 11. júlí 2007, Siglingastofnun með bréfi dags. 18. júlí 2007, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. ágúst 2007 og Umhverfissviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 27. júlí 2007. Skipulagsstofnun bárust athugasemdir frá Ingvari Guðmundssyni í tölvupósti dags. 10. júlí 2007 (barst Línuhönnun), Ástu Þorleifsdóttur í tölvupósti dags. 10. ágúst 2007, Náttúruvaktinni með tölvupósti dags. 10. ágúst 2007 og Varmársamtökunum með bréfi dags. 10. ágúst 2007. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 11. september 2007.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í umsögnum Reykjavíkurborgar, Byggðastofnunar, veiðimálastjórnar Landbúnaðarstofnunar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar eru ekki gerðar athugasemdir við efni tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi dags. 11. september 2007 og með eftirfarandi athugasemdum.

Umhverfismat áætlana. Í kafla 1.6 er fjallað um umhverfismat áætlana. Þar kemur fram að valkostur 3, jarðgöng undir Eiðsvík gæti talist stefnumarkandi breyting á svæðis- og aðalskipulagi. Ef það verður niðurstaðan telur Skipulagsstofnun að valkostur 2 teljist jafnframt sem sambærileg stefnumarkandi breyting og því myndu báðir valkostir kalla á umhverfismat á breytingum áætlana. Þessu þarf að greina frá í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun mælist til þess að í frummatsskýrslu verði umfjöllun um umhverfismat áætlana felld undir kafla um fyrirbyggjandi skipulagsáætlanir og efni kaflana tengt saman eftir því sem við á, með því fæst betri yfirsýn yfir stöðu mála á skipulagsstigi.

Framkvæmdasvæði og kostir. Í kafla 2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um framkvæmdina, valkosti og lausnir. Í athugasemdum Ástu Þorleifsdóttur, Náttúruvaktarinnar og Varmársamtakanna er farið fram á að sá kostur verði metinn í frummatsskýrslu að Sundabraut verði lögð í jarðgöng frá mislægum gatnamótum í Gufunesi yfir í Gunnunes/Álfsnes. Fyrirhuguð íbúabyggð í Geldinganesi verði tengd Gufunesi/Sundabraut með brú yfir Eiðisvík. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu skuli gerð grein fyrir því hvers vegna ofangreindur kostur kemur ekki til álita.

Þá telur stofnunin að gera þurfi á sambærilegan hátt grein fyrir lausn um brýr alla leið (kafla 5.2.3) og gerð er fyrir aðrar lausnir (kaflar 5.2.1 og 5.2.2) sem ekki eru lagðar fram til mats á umhverfisáhrifum. Greina þarf frá bæði kostum og göllum lausnarinnar ásamt því að greina frá heildarkostnaði framkvæmdarinnar með brúarútfærslum á leiðunum þremur í samanburði við aðra kosti. Þá telur stofnunin að framkvæmdaraðilar þurfi að rökstyðja betur hvers vegna umrædd leið var ekki lögð fram til mats á umhverfisáhrifum, þar sem útfærsla hennar getur verið ódýrari en valkostur 3, sem er lagður fram til matsins.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Þveranir og áhrif þeirra. Í kafla 4.2.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um hafstrauma og greint frá straumlíkönum sem nota á til að rannsaka áhrif framkvæmdarinnar á breytingar á sjávarhæð, sjávarstraumum, setmyndun og seltu sjávar innan þverunar. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að til að viðhalda fjölskrúðugu botndýralífi á svæðinu þurfi að tryggja að ekki verði breytingar á þessum umhverfisþáttum. Hafrannsóknastofnunin óskar eftir að gerðar verði beinar straummælingar til að sannreyna líkanaútreikninga. Einnig telja Hafrannsóknastofnunin og Umhverfisstofnun æskilegt að sagt sé til um áreiðanleika líkanaspáa, með því að greina frá hvernig þær hafa gengið eftir

við sambærilegar framkvæmdir Vegagerðarinnar við þveranir á fjörðum eða víkum. Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að í frummatsskýrslu verði gerð grein því hvernig spár í ljósi reynslu á sambærilegum framkvæmdum hafi gengið eftir. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu skuli gera grein fyrir því hvort og þá hvernig framkvæmdirnar kunni að hafa áhrif á landbrot og setflutninga á áhrifasvæði framkvæmdanna.

Áhrif á lífríki. Í kafla 4.2.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um laxfiska. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar um að í frummatsskýrslu verði að koma fram með hvaða hætti megi tryggja að búsvæði og farleiðir fiska skaðist ekki við framkvæmdirnar. Það sé að hluta til gert með því að greina hver áhrif framkvæmda verða á þessa þætti, líkt og framkvæmdaraðilar ætla að fjalla um í frummatsskýrslu. En jafnframt þarf að greina frá því með hvaða hætti hægt sé að tryggja að umrædd búsvæði og farleiðir skaðist ekki við framkvæmdirnar. Skipulagsstofnun mælist til að framkvæmdaraðilar setji fram hugmyndir að mótvægisáðgerðum í frummatsskýrslu vegna hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar á laxfiska innan áhrifasvæðis í samráði við veiðimálastjórn Landbúnaðarstofnunar.

Skipulagsstofnun telur að leiði straumlíkanaspár í ljós að breytingar geti orðið á uppeldisstöðvum skarkola á grunnsævi vegna framkvæmdanna, þurfi í frummatsskýrslu að gera grein fyrir þeim áhrifum sem þær muni geta haft á nýliðun skarkola í Faxaflóa og tekur þar með undir athugasemdir þar að lútandi í umsögn Hafrannsóknarstofnunarinnar.

Áhrif á jarðmyndanir og náttúruminjar. Í kafla 4.2.12 í tillögu að matsáætlun er fjallað um náttúruminjar. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu í umsögn Umhverfisstofnunar og telur að í frummatsskýrslu þurfi sérstaklega að greina frá áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbæri innan áhrifasvæðis framkvæmdar sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd sem og svæðum á náttúruminjasrá.

Áhrif á útivist. Í kafla 4.2.10 í tillögu að matsáætlun er fjallað um útivist. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telur mikilvægt að skoðaðir verði vel möguleikar á góðum hjóla- og göngustígatengingum, ekki síst út frá umferðaröryggi og mengun frá umferð. Þá vekur stofnunin athygli á að óröskuð strandlengja sé mikilvægt útivistarsvæði fyrir almenning, svæði sem séu á miklu undanhaldi á höfuðborgarsvæðinu. Gildi þeirra fáu svæða sem eftir séu verði því meira og að mati Umhverfisstofnunar eigi að leggja áherslu á að halda ströndinni við Geldinganes, í Eiðsvík og nágrenni óraskaðri eftir því sem kostur sé og gera ráð fyrir aðgengi almennings. Skipulagsstofnun tekur undir athugasemdir Umhverfisstofnunar og telur æskilegt að í frummatsskýrslu verði fjallað um aðgengi almennings að óröskuðum fjörum, en einnig verði í frummatsskýrslu gerð grein fyrir leiðum fyrir gangandi en einkum hjólandi vegfarendur. Skipulagsstofnun telur jafnframt að í frummatsskýrslu beri að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á kajakróður, bæði vegna aðstöðu kajakræðara og hvort þrengingar og þar með breytingar á straumhraða kunni að torvela róður beggja vegna Geldinganes.

Áhrif á menningarminjar. Í kafla 4.2.11 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu skuli gera grein fyrir fornleifum á svæðinu. Nauðsynlegt er að lokið verði við fornleifaskráningu með vettvangsathugun fornleifafræðings og niðurstöðurnar birtar á korti eða loftmynd í frummatsskýrslu.

Umferðarspá. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir forsendum fyrir umferðarspám sem hljóðstigi og loftgæði byggja á.

Áhrif á hljóðvist. Í kafla 4.2.13 í tillögu að matsáætlun er fjallað um hljóðvist. Skipulagsstofnun beinir þeim tilmælum til framkvæmdaraðila að þeir greini frá niðurstöðum útreikninga á hljóðstigi með dynlínukortum í frummatsskýrslu. Við útreikninga á hljóðstigi telur Skipulagsstofnun eðlilegt að gera grein fyrir hljóðvist að loknum framkvæmdum sem og við lok gildandi aðalskipulags. Reynist nauðsynlegt að reisa hljóðveggi eða manir til að halda hljóðstigi neðan viðmiðunarmarka ber að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum þeirra í frummatsskýrslu.

Áhrif af ofanvatni. Í kafla 4.2.15 í tillögu að matstáætlun er fjallað um ofanvatn. Umhverfisstofnun telur rétt að fjallað verði um áhrif mismunandi leiða við losun affallsvatns af veginum og mismunandi mótvægisáðgerðir. Fjalla þurfi um hugsanlega mengunarhættu af völdum slysa. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Umhverfisstofnunar og telur að í frummatsskýrslu skuli fjallað um mismunandi leiðir við losun afrennslis af vegum og mismunandi mótvægisáðgerðir.

Áhrif á framkvæmdatíma. Í kafla 4.2.17 í tillögu um matsáætlun er fjallað um umhverfisáhrif á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram hvar hugsanleg tímabundin haugsetning jarðefna, sem áætlað er að nota til framkvæmdanna og úrvinnsla þeirra sé ráðgerð. Þá þurfi jafnframt að fjalla um áhrif af hávaða og titringi vegna sprenginga og þungaumferðar á framkvæmdatíma. Einnig verði fjallað um hugsanleg áhrif, verklag og mengunarvarnir á framkvæmdatíma vegna viðkvæmra viðtaka. Skipulagsstofnun bendir jafnframt á nauðsyn þess að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hugsanlegum takmörkunum á framkvæmdatíma vegna áhrifa á fugla og lífríki sjávar.

Mótvægisáðgerðir og vöktun. Í umsögn Umhverfisstofnunar er sérstaklega fjallað um mótvægisáðgerðir og vöktun. Þar er fjallað um að leirur og fjörugerðir á grunnsævi falli undir samþykkt um votlendi sem hafi alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf. Í úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem raski votlendi hafi verið mörkuð sú stefna að endurheimt verði jafnmikið votlendi og það sem raskist vegna framkvæmda. Þar sem ógerningur sé að endurheimta leirur og fjörugerðir á grunnsævi eigi mótvægisáðgerðir í tilvikum sem þessum fyrst og fremst að felast í því að raska þeim ekki. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar og telur mikilvægt að við samanburð valkosta í frummatsskýrslu verði sérstaklega borin saman umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á grunnsævi og með tilliti til þeirrar mótvægisáðgerðar að lágmarka röskun þess.

Þóroddur F. Þóroddsson

Rut Kristinsdóttir

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Reykjavíkurborg, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Landbúnaðarstofnun (veiðimálastjórn), Siglingastofnun, Umhverfisstofnun og Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Ásta Þorleifsdóttir, Ingvar Guðmundsson, Náttúruvaktin og Varmársamtökin.

